

## **Minnisblað**

### **Efni: Frumvarp um lengingu fæðingarorlofs – 146. löggjafarþing**

**Til: Velferðarnefndar Alþingis**

**Frá: Skrifstofu hagmála og fjárlaga**

---

Í framhaldi af fundi starfsmanna velferðarráðuneytis með velferðarnefnd Alþingis 22. mars sl. var óskað eftir mati ráðuneytisins hvort sú hækkun á tryggingagjaldi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni duga fyrir fjármögnun á lengingu fæðingarorlofs.

Það er mat velferðarráðuneytisins að lenging fæðingarorlofs um hvern einn mánuð auki útgjöld Fæðingarorlofssjóðs um u.þ.b. 1.200 m.kr. á ársgrunni. Tillaga frumvarpsins um tólf mánaða fæðingarorlof frá árinu 2019 gæti aukið útgjöld sjóðsins um 3.600 m.kr. miðað við óbreyttar forsendur s.s. um hámarksfjárhæð til foreldra í fæðingarorlofi (500 þús. kr.) gjald í sjóðinn, gjaldstofn, fæðingartíðni og nýtingu réttinda til töku fæðingarorlofs. Á móti vegur að gera má ráð fyrir að jaðarkostnaður fyrir hvern mánuð í auknum réttindum fari lækkandi þar sem hlutfall þeirra sem nýta fullt fæðingarorlof minnki með lengra orlofsrétti.

Tekjur Fæðingarorlofssjóðs af tryggingargjaldi, sem er núna 0,65%, eru í gildandi fjárlögum áætlaðar um 9.133 m.kr. en greiðslur úr sjóðnum eru hins vegar áætlaðar um 9.576 m.kr. á árinu. Ef gjaldið væri nú 0,87%, eins og lagt er til að það verði frá og með árinu 2019, þá næmu tekjur sjóðsins um 12.200 m.kr., það er um 3.000 m.kr. aukning á tekjum sjóðsins. Hækkun gjaldsins ætti því að geta fjármagnað um 80% af auknum útgjöld sjóðsins vegna lengri orlofsréttar. Þar sem tekjur af núverandi gjaldi duga ekki til lengdar og sjóðurinn er að ganga á eigið fé sitt mundi áfram vanta umtalsverðar fjárhæðir ári hverju til að rekstur sjóðsins gæti talist sjálfbær.

Það er því mat ráðuneytisins að með lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði sé langtíma fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs ekki tryggð með hækkun gjaldsins úr 0,65% í 0,87% af gjaldstofni.